

# Áveitan

6. tbl. 9. árgangur. Júní 2015

## 17. júní í Flóahreppi

Sameiginleg þjóðhátíðarskemmtun ungmennfélaganna og kvenfélaganna í Flóahreppi verður haldin í félagsheimilinu Þingborg þann 17. júní. Hátíðin hefst klukkan 14:00 með ávarpi fjallkonu. Að því loknu verður skellt í leiki og allskonar gleði fyrir unga sem aldna í boði skemmtinefnda ungmennafélaganna. Andlitsmálun verður fyrir börnin og boðið verður upp á örlítinn 17. júní varning til sölu fyrir sanngjarnt verð. Eftir að búíð að hafa gaman í leikjum og keppni, verður kaffisamsæti. Athugið að hátíðin fer fram að mestu utandyra muni veður leyfa það, annars fer hún fram innandyra í Þingborg.

Ungmennafélögin og Kvenfélögin

E.S. Vinsamlegast athugið að þeir sem ætla að mæta og/eða aðrir velunnarar félaganna eru beðnir um að taka með sér veitingar á sameiginlegt kaffihlaðborð. Félagin munu bjóða upp á kaffi og djús að drekka með.



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Til hamingju með hátíðina „Fjör í Flóa“ sem tókst í alla staði eins vel og hugsast getur. Glæsilegt framtak sem skipuleggjendur eiga skildar þakkir fyrir. Á setningarhátíð var afhentur menningarstyrkur og hlutu hann að þessu sinni Jón M. Ívarsson og Brynjólfur Ásmundsson til ritunar Flóamannabókar. Einnig afhenti Rannveig Árnadóttir formaður æskulýðs og íþróttanefndar viðurkenningar fyrir íþróttamenn ársins. Flóahreppur óskar þessu aðilum til hamingju með viðurkenningarnar

Skrifstofa Flóahrepps verður lokuð í 3 vikur vegna sumarleyfa starfsmanna, frá 6. júlí – 24. júlí.

Vinnuskólinn hefst 8. júní. Verkstjóri verður Árni Geir Hilmarsson. Beiðir um slátt eða hirðingu lóða berist á skrifstofu Flóahrepps í síma 482 4370 eða á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) fyrir 1. júlí.

### Fjöríð yfirstaðið

Fjör í Flóa fór fram um liðna helgi og óhætt er að segja að margt hafi verið um manninn og mikið um að vera alla helgina í Flóahreppi. Það sem stóð upp úr í annars fjölbreyttri dagskrá Fjörsins þetta árið má til að mynda nefna eftirminnilega kvöldgöngu á Loftstaðahól í blíðskaparveðri, fjölsóttan morgunverð og áhugaverða viðburði í Þingborg auk kvöldvöku í Félagslundi þar sem Sundhópur Krakkaborgar sigraði með óborganlegu atriði í fyrstu hæfileikakeppni Flóahrepps, Flói Got Talent.

Rekstrarstjórn félagsheimilanna vill þakka öllum sem tóku þátt í Fjör í Flóa þetta árið fyrir skemmtilega helgi. Sjáumst að ári.

Rekstrarstjórn

# Afleysingar

Tek að mér afleysingar og ýmis verk fyrir bændur. Uppl. í 865-7001

Einar Magnússon

## **UMFÍ heldur tvö landsmót í sumar**

Nú í sumar verða tvö landsmót á dagskrá á vegum Ungmennafélags Íslands. Það fyrra er Landsmót 50+ sem haldið verður á Blönduósi dagana 26.-28. júní. Mótið er fyrir ungmennafélaga 50 ára og eldri. Landsmót UMFÍ 50+ er ekki einungis íþróttamót heldur einnig heilsuhátíð og verður boðið upp á fyrirlestra um heilbrigðan lífsstíl og ýmsar heilsufarsmælingar.

Fjölmarginar keppnisgreinar verða í boði á Landsmóti UMFÍ 50+ á Blönduósi en það eru hestaíþróttir, frjálssar, boccia, bridds, dráttavélaakstur, golf, línudans, júdó, línudans, lombert, pútt, ringó, skák, skotfimi, starfshlaup, Dalahlaup, sund, pönnubökubakstur og stígvélakast.

Markmið mótsins er að skapa fólki 50 ára og eldri vettvang til að koma saman og keppa í hinum ýmsu íþróttagreinum og kynna um leið þá möguleika sem í boði eru til þess.

Seinna mótið er Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður á Akureyri um verslunarmannahelgina. Á mótinu sem er mikil fjölskylduhátíð verður boðið upp á keppni í hinum ýmsu greinum fyrir unglunga á aldrinum 11-18 ára. Að auki er mikil afþreyingardagskrá fyrir yngri börn. Þeir sem eru farnir að skipuleggja sumarferðalagið ættu alvarlega að hugleiða að leggja leið sína til Akureyrar þessa helgi því þessi mót hafa svo sannarlega slegið í gegn. Fylgist með nánari upplýsingum á [www.umfi.is](http://www.umfi.is) þegar nær dregur.

## Þingborgarmótið

Þingborgarmótið fór fram þriðjudaginn 19. maí síðastliðinn. Hér eru úrslit mótsins.

### 1.-4. bekkur

#### Langstökk án atrennu

1.Hanna Dóra Höskuldsdóttir	´06	1,77m
2. Sigurjón Reynisson	´05	1,75m
3.Viðar Hrafn Victorsson	´06	1,66m
4.Hjalti Geir Jónsson	´06	1,59m
5.Helgi Reynisson	´08	1,46m
6.Jórunn Fríða Bjarnadóttir	´08	1,17m

#### Kúluvarp 2kg

1.Sigurjón Reynisson	´05	5,89m
2.Viðar Hrafn Victorsson	´06	5,07m
3.Hjalti Geir Jónsson	´06	5,90m
4.Hanna Dóra Höskuldsdóttir	´05	4,44m
5.Helgi Reynisson	´08	3,44m

### 4.-10. bekkur

#### Langstökk án atrennu

1.Stefán Narfi Bjarnason	´00	2,30m
2.Dagur Fannar Einarsson	´02	2,11m
3.Símon Martinsson	´03	1,77m
4.Unnsteinn Reynisson	´03	1,70m
5.Einar Skeggjason	´04	1,63m
6.Ingibjörg Hugrún Jóhannesd.	´02	1,60m

#### Kúluvarp

1.Stefán Narfi Bjarnason	´00	12,05	(4kg)
2.Dagur Fannar Einarsson	´02	8,63m	(3kg)
3.Unnsteinn Reynisson	´03	6,59m	(3kg)

4.Einar Skeggjason	´04	6,17m	(2kg)
5.Ingibjörg Hugrún Jóhannesd.	´02	5,65m	(2kg)
6.Símon Martinsson	´02	5,02m	(3kg)

#### Hástökk

1.Stefán Narfi Bjarnason	´00	1,55m
2.Dagur Fannar Einarsson	´02	1,35m
3.Ingibjörg Hugrún Jóhannsd.	´02	1,10m
4.Unnsteinn Reynisson	´03	1,10m
5.Einar Skeggjason	´04	1,05m
6.-7.Símon Martinsson	´03	0,90m
6.-7. Sigurjón Reynisson	´05	0,90m

#### Prístökk

1.Stefán Narfi Bjarnason	´00	6,81m
2.Dagur Fannar Einarsson	´02	6,36m
3.Unnsteinn Reynisson	´03	4,89m
4.Símon Martinsson	´03	4,80m
5.Kolbrún Katla Jónsdóttir	´01	4,78m

## Leikjanámskeið

Mánudaginn 15. júní n.k. hefst leikjanámskeið ungmennafélaganna fyrir krakka 6-12 ára. Kennt verður á íþróttasvæðinu við Þjósárver í 10 skipti eða alla virka daga frá 15. - 29. júní frá kl. 9:00-11:30.

Kennari á námskeiðinu verður Örvar Rafn Hlíðdal íþróttakennari.

Skráningar eiga að berast til hans í síðasta lagi sunnudaginn 14. júní á netfangið [orvar@floaskoli.is](mailto:orvar@floaskoli.is) eða í síma 8235855.

Allir krakkar verða að mæta klæddir eftir veðri og gott er að hafa meðferðis örlítið af hollu og góðu nesti. Verð er kr. 4000 á þátttakanda en veittur er 500 kr. systkinaafsláttur. Þátttökugjald skal greiddast til þjálfara við upphaf námskeiðs.

Með von um góða þátttöku nú eins og undanfarin ár.

Ungmennafélögin í Flóahreppi.

## Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg þriðjudaginn 9. júní kl.20:30. Hittumst sem flestar hressar og kátar.Nýir félagar velkomnir. Ef veður leyfir fáum við okkur kvöldgöngu um skógargöturnar við Þingborg eftir fund.

*Kaffihópur: Anna Margrét Guðmundsdóttir,Ásdís Finnsdóttir,Auður Atladóttir,Helga Baldursdóttir,Margrét Einarsdóttir,Margrét Kristinsdóttir,Veronika Narfadóttir.*

Með bestu kveðju stjórnin.

## Frá Umf Baldri:

### Leikjakvöld í Einbúa

Umf. Baldur ætlar líkt og síðastliðinn sumur að standa fyrir leikjakvöldum fyrir börn á öllum aldri í Einbúa. Þær Birgitta Kristín Bjarnadóttir og Gunnhildur Gísladóttir ætla að stjórna þessum leikjakvöldum, líkt og þær gerðu í síðasta sumar. Fyrsta kvöldið verður 9. júní kl. 20:00. Endilega allir að mæta í léttu leiki og glens á fallegum sumarkvöldum á yndislegum stað. Allir velkomnir.

Umf. Baldur

### Hugmyndir að nafni á nýtt ungmennafélag!

Undirbúningshópur um stofnun nýs ungmennafélags í Flóahreppi leitar nú eftir hugmyndum að nafni á nýja félagið. Við viljum endilega fá sem flestar hugmyndir frá ykkur og ekki væri verra ef hugmyndinni fylgdu nokkur orð um merkingu nafnsins eða tildrög hugmyndarinnar. Hugmyndirnar skal senda á netfangið [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com) fyrir 30. júní næstkomandi.

Ungmennafélögin

## Reiðnámskeið Sleipnis sumarið 2015

Reiðnámskeið Sleipnis sumarið 2015 verða haldin að Vallartröð 4 á Selfossi.

Umsjónarmenn eru Brynjar Jón Stefánsson og Rannveig Árnadóttir eins og undanfarinn áratug.

Skráning er hafin og fer fram í síma 696-1752 (Ranna) eða hofgerdi@ipostur.is

Börnin læra grunnatriði í hestamennsku, stjórnun og ásetu. Farið er í útreiðartúra , þrautir og ýmislegt í reiðhöllinni ásamt umhirðu á hesti og reiðtygjum.

Innifalið í verði er aðgangur að hesti , reiðtygjum og hjálmi.

### Fyrir 6-8 ára.

8.-12. júní kl. 13 til 14 eða 14.30-15.30 5 dagar.

29. júní-3. júlí kl. 10-11, 13-14, eða 15.00-16.00. 5 dagar.

4.-7. ágúst kl. 15.00-16.00 4 dagar.

11.-15. ágúst kl. 15.00-16.00 5.dagar.

4 dagar kosta 8.000.-

5 dagar kosta 10.000.-

### Fyrir 9 ára og eldri.

15.-26. júní kl. 10.00-11.30 eða 13.30-15.00 9 dagar.

13.-24. júlí kl. 10.00-11.30. 13.00-14.30 eða 15.00-16.30 10.dagar.

4.-14. ágúst kl. 10.00-11.30 eða

13.00-14.30 9 dagar.

9 dagar kosta 20.000.-

10 dagar kosta 22.000.-

Veittur er systkinaafsláttur.



## Fréttir frá Leikskólanum Krakkaborg

Í maímánuði er alltaf óvenju mikið um að vera í Krakkaborg. Mánuðurinn hefst á því að elstu börn leikskólans fara í vorskóla, en þá fara þau heila viku í Flóaskóla og taka þar þátt í leik og starfi. Það er alltaf beðið eftir þessari viku með mikilli eftirvæntingu enda er margt að prófa og reyna í vorskólanum. Börnin voru flest sammála um að sundferðin hafi toppað skemmtilegan vorskóla og svo var líka mjög gaman að vera sótt og keyrð heim af skólabil.

Í maí förum við líka í lambaferðir. Börn á Ugludeild fóru í skemmtilega ferð að Stóra-Ármóti og fengu að kíkja í fjárhúsin þar. Í fjárhúsinu var nóg að gera, krakkarnir fengu að sjá 3 lömb koma í heiminn og þar af þurfti að hjálpa einu lambinu. Það var því mikið um stór augu og fjölbreyttar spurningar í þessari ferð og þökkum við henni Hildu kærlega fyrir að taka svona vel á móti okkur. Börn á Krummadeild fóru líka í lambaferð en þau fóru í gönguferð að Lambastöðum og fengu að kíkja í fjárhúsin. Krakkarnir sáu hin ýmsu dýr í ferðinni og fyrir utan kindurnar og lömbin voru það landnámshæurnar sem vöktu mikla athygli. Þökkum við heimilisfólkinu að Lambastöðum fyrir góðar móttökur.

Sumarhátíð Krakkaborgar var haldin með pompi og prakt í lok mánaðarins. Sirkus Íslands mætti á svæðið og nemendur Krakkaborgar sungu nokkur lög og dönsuðu dans fyrir gesti. Elstu nemendur leikskólans útskrifuðust og fengu m.a. að gjöf frá leikskólanum ferlimöppu með listaverkum og ljósmyndum sem spannar þeirra leikskólagöngu. Foreldrafélagið grillaði pylsur og bauð upp á svaladrykk, boðið var upp á andlitsmálningu og skemmtilegan leik á útisvæðinu okkar í Krakkaborg. Þökkum við gestum kærleg fyrir að koma og njóta dagsins með okkur.

Við vorum með opið hús á Fjöri í Flóa þar sem gestum og gangandi bauðst tækifæri til að koma í heimsókn, skoða leikskólann og kynnast starfinu. Af því tækifæri kveiktum við upp í bálstæðinu okkar og grilluðum „snobrød“ að dönskum sið. Baldur Eiðsson í Langholti 3 steypiti fyrir okkur nýtt og glæsilegt bálstæði og Jón Valgeir Geirsson í Lyngholti smíðaði í það eldskúffu. Einnig gáfu þau Jóhann Helgi og Margrét í Vatnsholti 2 okkur á dögnum barnahúsgögn, leikföng og efnivið í listasmiðjuna. Þökkum við þeim öllum kærlega fyrir þessar



góðu gjafir sem nýtast okkur vel í leik og starfi og hlýhuginn í okkar garð.

Starfsfólk Krakkaborgar endaði svo skemmtilegan mánuð á að taka þátt í hæfileikakeppninni góðu gjafir sem nýtast okkur vel í leik og starfi og hlýhuginn í okkar garð.

Starfsfólk Krakkaborgar endaði svo skemmtilegan mánuð á að taka þátt í hæfileikakeppninni „Flói got talent“ á Fjöri í Flóa. Þar sýndi leikskólastarfsfólk á sér nýjar hliðar og bauð upp á samhæfðar sundæfingar við góðan fögnuð viðstaddra og stóð Krakkaborg á endanum upp sem sigurvegari kvöldsins eftir skemmtilega keppni.

Í júní fara elstu nemendur í útskriftarferð að Úlfjótuvatni og yngri nemendur í styttri sumarferðir. Júnímánuður er einnig notaður til að gera upp og meta líðandi skólaár ásamt því að undirbúa það næsta. Leikskólinn lokar vegna sumarleyfa 1. júlí og opnar aftur fyrir nemendur 6. ágúst kl 12:00.

Með sumarkveðju,  
Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir  
Aðstoðarleikskólastjóri Krakkaborgar

## **Tamningar**

Tek að mér hross í tamningu og þjálfun að Kolsholti 3 Flóahrepp í sumar.

Nánari upplýsingar gefur Þorgils í síma 661-1355 eða Sigurður í síma 695-4332.

## **Sumarferð Kvenfélags Villingaholtshrepps**

Kæru kvenfélagskonur, vinsamlega takið frá fimmtudaginn 9. júlí 2015. Þá höldum við á vit ævintýranna og skellum okkur í árlega sumarferð. Haldið verður austur á bóginn og Rangárvallasýslan skoðuð í krók og kima. Nánar auglýst síðar.

Skemmtinefndin.

## Héraðsmót 14 ára og yngri í frjálsum íþróttum

Héraðsleikar- og Aldursflokkamót HSK verða haldin í Þorlákshöfn sunnudaginn 14. júní og hefst kl. 10:00. Keppt verður í frjálsum íþróttum í flokkum 14 ára og yngri. Keppni hefst kl. 10:00 á laugardegnum og stendur til kl. 15:00. Keppendur mega keppa að hámarki í 5 greinum, auk boðhlaups. Tímaseðil má sjá á mótaforiti FRÍ, á [www.fri.is](http://www.fri.is) þegar nær dregur.

### ***Keppnisgreinar:***

#### **Aldursflokkamót HSK**

Stúlkur og piltar 14 ára: 100 m hlaup - 800 m hlaup - 4x100 m boðhlaup - langstökk - hástökk - kúluvarp – spjótkest – 80m grindahlaup.

Stúlkur og piltar 13 ára: 100 m hlaup - 800 m hlaup - langstökk - hástökk - kúluvarp – spjótkest -80m grindahlaup.

Stúlkur og piltar 12 ára: 60 m hlaup - 800 m hlaup - langstökk - hástökk – kúluvarp – spjótkest.

Stúlkur og piltar 11 ára: 60 m hlaup - 800 m hlaup - langstökk - hástökk – kúluvarp – spjótkest.

#### **Héraðsleikar HSK**

Stúlkur og piltar 10 ára: 60 m - 400 m- langstökk - kúluvarp- hástökk.

Stúlkur og piltar 9 ára og yngri: 60 m – 400m- langstökk

Verðlaunapeningar verða veittir fyrir þrjú fyrstu sætin í hverri keppnisgrein á aldursflokkamótinu í frjálsum. Á héraðsleikunum fá allir þátttakendur viðurkenningu fyrir þátttökuna. Einnig verður veitt viðurkenning fyrir sigur í stigakeppni félaga á aldursflokkamótinu.

Skráningum skal skila til Guðmundu á netfangið [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com) fyrir kl 22:00 föstudaginn 12. júní. Við hvetjum sem flesta til að koma og keppa á þessu skemmtilega móti.

## Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum

Mótið fer fram dagana 22. og 23. júní. Keppnisgreinar og tímaseðill mun birtast á [www.fri.is](http://www.fri.is) þegar nær dregur. Skráningum á héraðsmótið skal skila til Guðmundu á netfangið [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com) fyrir 21. júní.

## Ljósmyndamaðon Umf. Vöku á Fjör í Flóa

Umf. Vaka stóð fyrir ljósmyndamaðoni á Fjör í Flóa líkt og á síðasta ári. Þátttaka var ágæt en sex myndaraðir voru sendar inn og fjöl margar instagram myndir. Formaður Dómnefndar var Gunnar Marel Hinriksson ljósmyndari og með honum störfuðu Magnús Stephensen Magnússon í Hallanda og Guðmunda Ólafsdóttir formaður Vöku. Hér eru efstu sætin í myndaröðinni:

Erla Rún Kaaber  
Kolbrún Katla Jónsdóttir  
Sandra Dís Sigurðardóttir

Efstu þrjú sætin í Instagram flokki:

Helga Gísladóttir með „Traktors áhugamaðurinn“  
Silja Rún Kjartansdóttir með „Glímt á Fjör í Flóa“  
Helga Gísladóttir með „Hressing í Vatnsholti“

Við viljum þakka öllum fyrir þátttökuna og þökkum jafnframt þeim fyrirtækjum sem gáfu vinninga í keppnina. Það voru: Tryggvaskáli/ Kaffi Krús, Filmverk, Skógræktarfélag Villingaholtshrepps, Gallery Flói, Ullarvinnslan Gömlu-Þingborg og Selfossbíó.

Sigurmyndaraðirnar má sjá á facebooksíðu Umf. Vöku og instagram myndirnar má sjá á instagram undir #fjöriflóa2015 og #fjorifloa2015.

## Bændur athugið !

Tek að mér rúllun í sumar.  
Er með Mchale fusion 3 plus samstæðu.

Upplýsingar gefur Gummi í Túni í síma 774-0182

## Styrkjum Kristin Þór

Hlaupagarpurinn og landsliðsmaðurinn Kristinn Þór Kristinsson Umf. Samhygð, fremsti 800 m og 1500 m hlaupari landsins, hefur gert það gott á hlaupabrautinni undanfarin misseri. Undir þjálfun Erlings Jóhannessonar Íslandsmethafa í 800 m hlaupi hefur Kristinn verið í stöðugri framför og er núverandi HSK methafi í 800 m og 1500 m hlaupi innan- og utanhúss. Markmið þeirra er að ná að höggva nærri Íslandsmetunum í þessum greinum en til þess þarf strangar æfingar og allmargar utanferðir til keppni á alþjóðlegum mótum. Umf. Samhygð hefur lagt Kristni lið undanfarin misseri með ýmsum hætti en nú bjóðum við vinum og velunnurum að taka þátt í að liðsinna honum með félaginu með frjálsum framlagi í Styrktarsjóð Samhygðar. Áhugasamir geta greitt upphæð að eigin vali inn á reikning nr. 152-26-110590 kt. 471077-1359.

Samhygð

## Dagskrá mánaðarins

Leikjavöld í Einbúa	9. júní
Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	9. júní
Leikjanámskeið í Þjórsárveri	15. til 29. júní
Leikjavöld í Einbúa	16. júní
Þjóðhátíðarsamkoma í Þingborg	17. júní
Leikjavöld í Einbúa	23. júní
Leikjavöld í Einbúa	30. júní
Skilafrestur á tillögum að nafni nýs ungmennafélags	30. júní



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160